

Námuskráning á Norðurlandi eystra

Hafdís Eygló Jónsdóttir

Unnið fyrir Vegagerðina, rannsóknadeild

NÍ-00007

Akureyri, júní 2000



Náttúrufræðistofnun Íslands

ÁGRIP

Sumarið og haustið 1999 gerði Náttúrufræðistofnun Íslands úttekt á námum á Norðurlandi eystra fyrir rannsóknadeild Vegagerðarinnar. Upplýsingum um námur í umdæminu var safnað saman og skráð inn í gagnagrunn sem Vegagerðin lagði til.

Skýrslan hefur fyrst og fremst að geyma tölulegar og tölfræðilegar upplýsingar um námur á Norðurlandi eystra sem og upplýsingar um stöðu efnistöku, frágang á námum, setmyndun, berggerð, bergmyndun, setgerð og verndargildi. Skýrslunni fylgir kort í mælikvarðanum 1:250.000, sem sýnir GPS staðsetningar á námum, námunúmer og frágang á námum.

Í umdæmi Vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra eru nú skráð 547 námunúmer í námukerfi Vegagerðarinnar og af þeim eru 394 eiginlegar námur. Flestar þeirra eru setnámur, eða 340 talsins. Ekki hafa allar þessar námur verið nýttar af Vegagerðinni. Margar þeirra eru og hafa verið nýttar af öðrum aðilum, m.a. verktökum, Flugmálastjórn, Hafnamálastofnun og sveitarfélögum.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
Mynda- og kortaskrá	4
Töfluskrá	4
1 INNGANGUR	5
2 SKRÁNINGARSVÆÐIÐ	5
3 NÁMUSKRÁNING	6
3.1 Námukerfi Vegagerðarinnar	6
3.2 Forvinna – skráning innanhúss	6
3.3 Námuskráning á vettvangi	6
4 TILLÖGUR AÐ ENDURBÓTUM	7
4.1 Námukerfið	7
4.2 Vegaskrá 1999	9
5 NÁMUR Á NORÐURLANDI EYSTRÁ	9
5.1 Námugerð	10
5.2 Staða efnistöku	10
5.3 Frágangur	11
5.4 Verndargildi	11
5.5 Setnámur	12
5.5.1 Setmyndun	12
5.5.2 Setgerð	13
5.6 Grjótnámur	14
5.6.1 Bergmyndun	14
5.6.2 Berggerð	14
6 NÁMUKORT	15
7 LOKAORÐ OG ÞAKKIR	15
8 RITASKRÁ	16
Viðaukar	
A <i>Breytingar sem voru gerðar á námukerfinu vorið 2000</i>	17
B <i>Skilgreiningar á skráningaratriðum námukerfisins</i>	18
C <i>Skráningarmyndir námukerfisins</i>	35
D <i>Námuskrá fyrir Norðurland eystra</i>	42
E <i>Námur (skeringar) sem hafa verið skráðar áður undir öðru námunúmeri, sama námunúmeri eða sama námuheiti</i>	54
F <i>Námur við rangan vegkafla eða stöð</i>	57
G <i>Námunúmer sem eiga sennilegast við sýni en voru notuð fyrir viðkomandi námu</i>	57
H <i>Námur sem standa við vegi sem eru ekki lengur á skrá</i>	57
I <i>Óskráð námunúmer, sýni úr vegum og undirstöðu vegar, yfirlitsrannsóknir, skeringar, númer úr öðrum umdæmum og annað</i>	58

Mynda- og kortaskrá

Mynd 1.	Umdæmi Vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra	5
Mynd 2.	Upphafsmýnd námukerfisins	6
Mynd 3.	Flugvallarnáma Mývatnssveit 8500101	7
Mynd 4.	Flugvallarnáma Mývatnssveit 8500101	7
Mynd 5.	Staða efnistöku á Norðurlandi eystra	10
Mynd 6.	Frágangur á námum í umdæminu	11
Mynd 7.	Skipting náma eftir verndargildi 12	
Mynd 8.	Hlutfallsleg skipting setnáma með tilliti til setmyndunar	12
Mynd 9.	Hlutfallsleg skipting setnáma eftir setefnisgerð	13
Mynd 10.	Skipting grjótnáma á Norðurlandi eystra eftir bergmyndun	14
Mynd 11.	Hlutfallsleg skipting grjótnáma í umdæminu eftir berggerð	14
Kort	Námur á Norðurlandi eystra	Í vasa aftast

Töfluskra

Tafla 1.	Upphafs- og endapunktur á vegköflum fyrir Langanesveg 869	9
Tafla 2.	Staðarflokkun 547 námunúmera á Norðurlandi eystra	9
Tafla 3.	Námunúmer sem tilheyra öðrum umdæmum	10

1 INNGANGUR


Skýrsla þessi er unnin fyrir Vegagerðina. Markmiðið með verkefninu var að staðsetja námur sem þegar eru til staðar í námukerfi Vegagerðarinnar. Upplýsingum um námur í umdæmi Vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra var safnað saman og þær skráðar inn í gagnagrunn um námur hjá Vegagerðinni. Áætlað er að þær upplýsingar verði í framtíðinni aðgengilegar í gagnabanka Vegagerðarinnar Ísvís. Þær námur sem ekki voru fyrir í námukerfinu voru skráðar inn í gagnagrunninn, óháð því hvort þær hafa verið notaðar af Vegagerðinni. Smærri námur, þ.e. þær sem eru notaðar fyrst og fremst af bændum voru ekki skráðar. Hver náma var síðan tekin út með tilliti til hinna ýmsu þátta, m.a. setmyndunar, berggerðar, setgerðar, ofanáýtingar, verndargildis og heiti jarðar. Farið var í gegnum öll námunúmer sem þegar eru skráð fyrir umdæmið í eldra námukerfi Vegagerðarinnar. Var það gert til að aðskilja hvað væru námur, yfirlitsrannsóknir, skeringar, rannsóknir á vegum og t.d. á undirstöðu vegar.

Vegagerðin hefur þegar lokið skráningu á Vesturlandi (Eiríkur Freyr Einarsson 1997), Suðurlandi (Hjörleifur Sveinbjörnsson 1999) og á Norðurlandi vestra (Hersir Gíslason 1999). Þessi námuskýrsla er því sú fjórða í röðinni.

Verkefnið var unnið undir umsjón Gunnars Bjarnasonar hjá rannsóknadeild Vegagerðarinnar í Reykjavík og Halldórs G. Péturssonar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

2 SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráðar voru efnisnámur í umdæmi Vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra. Svæðið nær frá Öxnadalshéiði í vestri og austur á Langanes (Mynd 1). Námur við stofn-, tengi- og safnvegi voru skráðar. Tvær námur sem standa við landsveg (fjallveg) voru skráðar.




Mynd 1. Umdæmi Vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra. Myndin sýnir stofn- og tengivegi. Einnig eru sýndir tveir landsvegir þar sem námur voru skráðar.

3 NÁMUSKRÁNING

3.1 Námukerfi Vegagerðarinnar

Námukerfi Vegagerðarinnar er skráningarkerfi í Access gagnagrunni og byggir á fellimyndum. Sjálft kerfið skiptist upp í fimm skráningarmyndir (Mynd 2, viðauki C).



Mynd 2. Upphafsmýnd námukerfisins. Myndin sýnir fimm valmyndamöguleika.

Skráningarmyndin *Námur* geymir almennar upplýsingar og grunnupplýsingar sem tengjast námunni, m.a. heiti, gerð og staðsetningu við veg. Í skráningarmyndinni *Gerð námu* er nákvæmari lýsing á sjálfri námunni, í hvers konar myndun náman er, stálhæð, ofanáýting, yfirborð og verndargildi. Skráningarmyndin *Námuvegir* geymir m.a. upplýsingar um lengd og gæði námuvegarins. Í fjórðu skráningarmyndinni *Efnistaka* er m.a. hægt að skrá magn efnis, efnisvinnslu og efnistöku. Síðasta skráningarmyndin *Tilvísanir* er m.a. ætluð fyrir útboðsgögn, jarðfræðiskýrslur og aðrar upplýsingar sem tengjast viðkomandi námu.

3.2 Forvinna – skráning innanhúss

Sumarið 1999 voru skráðar inn í námukerfið upplýsingar sem fengust úr útboðsgögnum, jarðfræðiskýrslum, námurannsóknum og öðrum gögnum. Töluvert var um námunúmer sem báru heitið *Óþekkt náma*. Margar þeirra var hægt að finna með hjálp staðkunnugra manna. Sem dæmi má nefna þá hefur Sigurður Oddsson hjá Vegagerðinni á Akureyri haldið saman lista yfir einstakar námur á Norðurlandi eystra. Fjöl margar af þessum óþekktu námum voru því skráðar á listann. Námur sem báru heitið óþekkt náma og var hægt að staðsetja, fengu nafn sem tengist þá ákveðnum bæ eða örnefni á viðkomandi svæði. Stafsetningarvillur í námuheitum voru einnig leiðréttar. Það kom fyrir að örnefni sem námur voru tengdar við fundust ekki einu sinni á staðfræðikortum. Þá komu upplýsingar frá landeigendum og núverandi og fyrrverandi vegagerðarmönnum oft að góðum notum.

Skýrsla Halldórs G. Péturssonar (1995) *Efnisnám á Norðausturlandi*, kom að góðum notum. Í þeirri skýrslu eru upplýsingar um gerð og staðsetningu fjölmargra náma í umdæminu. Þetta eru bæði námur sem eru nýttar af Vegagerðinni og öðrum aðilum.

3.3 Námuskráning á vettvangi

Námuskráning á vettvangi fór fram í lok sumars og haustið 1999. Námuskýrsla Eiríks Freys Einarssonar (1997) var höfð til hliðsjónar og sömuleiðis skilgreiningar fyrir skráningaratriði námukerfisins (Viðauki B). Þegar byrjað var, voru 362 námunúmer skráð í kerfi Vegagerðarinnar. Áhersla var lögð á það fyrst og fremst að finna námurnar og kanna þær og lýsa þeim. Þá skipti ekki máli hvort náman var ævaform, frágengin eða hafði ekki verið notuð í mörg ár.

Allar nýskráðar námur fengu númer sem byggt er upp á gamla námunúmerakerfi Vegagerðarinnar. Fyrstu þrjú stafirnir sýna vegnúmer, næstu tveir kaflanúmer og síðustu tveir stafirnir gefa til kynna innbyrðis staðsetningu námanna við vegkaflann. Náma sem er með númerið 805-01-01 stendur því við veg 805, við kafla eitt, og síðustu tvær tölurnar gefa okkur til kynna að náman er fyrsta náman á kaflanum. Oft er misbrestur á númerum sem sýna

innbyrðis staðsetningu námanna við vegkaflann. Dæmi um þetta er vegur 869 og 867. Talning á þeim námum sem skráðar eru við veginn, byrja við endann (öfugan enda).

Fjórar námur eru með námunúmer sem segja ekkert til um staðsetningu við veg eða kafla. Ástæðan er sú að Vegagerðin hefur sigtað sýni fyrir einhverja verkaðila, en ekki nýtt námuna. Ákveðið var að nota númerin áfram. Þetta eru Krafla 8888888, Glerá ofan Akureyrar 8881021 (sama og Hlíðarendi ofan Akureyrar 8881020), Glerárdalur 8880000 og Sunnan Glerár við hitaveituholu 8888895.

Notað var GPS staðsetningartæki til að staðsetja upphaf og enda hvers námuvegar¹. Flestallar námur voru staðsettar miðað við enda á námuvegi. Ekki reyndist unnt að staðsetja nokkrar námur. Ástæðurnar fyrir því voru oftast að svæðið lenti á milli vita og ekkert leiðréttingarmerki (radiolinkur) náðist. Þær námur sem voru ekki staðsettar með GPS tækinu eru samt sem áður sýndar á meðfylgjandi námukorti, með þríhyrningi (í vasa aftast). Nokkrar GPS staðsetningar á námum töpuðust vegna villu í GPS tækinu. Þær námur eru samt sýndar með þríhyrningi á kortinu.

Námuvegir voru mældir með vegalengdarmæli og sömuleiðis voru þeir staðsettir sem stöð á vegkafla.

Ljósmyndir voru teknar af námunum með stafrænni myndavél². Tekin var yfirlitsmynd (mynd 3), mynd af stálveggnum (mynd 4) og mynd af efnisgerð. Því miður voru ekki allar námur myndaðar. Ástæðan var fyrst og fremst vegna veðurs, þ.e. rigning eða svartapoka.



Mynd 3. Flugvallarnáma Mývatnssveit 8500101. Yfirlitsmynd.



Mynd 4. Flugvallarnáma Mývatnssveit 8500101. Myndin sýnir stál í vestanverðri námunni.

4 TILLÖGUR AÐ ENDURBÓTUM

4.1 Námukerfið

Við vinnu á vettvangi, kom í ljós að námukerfið er hægt að endurbæta. Bæði má bæta við skráningarliðum, sameina aðra liði og taka í burtu.

Gerð námu

Það sem má fyrst og fremst endurbæta og einfalda fellur undir skráningarmyndina Gerð námu. Í skráningarliðnum **Setmyndun** er boðið uppá *foran sjávarkamb* og *sjávarkamb*. Eins og staðan er í dag, þá er lýsing á þeim í viðauka B. Það er miklu eðlilegra að nota heitin *fornt strandset* og *strandset*. Þessir flokkar innihalda þá fjöru, fjörukamb og marbakka.

Skráningarkerfi Vegagerðarinnar býður upp á þrjá flokka fyrir ruðning: *botnruðning*, *leysingarruðning* og *botn- eða leysingarruðning*. Eðlilegast er að búa til einn flokk og slá

¹ Í viðauka D er merktur kross við þær námur sem voru staðsettar.

² Í viðauka D er merktur kross við þær námur sem voru myndaðar.

Þessu öllu saman, þ.e. flokkinn *jökulruðning*. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ef að á að aðskilja þessar tvær tegundir í mörkinni, þá þarf sérþekkingu til og sömuleiðis er það erfitt. Í athugasemdir væri því hægt að setja inn nánari upplýsingar. Þessi flokkur væri því einnig fulltrúi fyrir t.d. jökulöldu (drumlin) sem er ekki valmöguleiki í námukerfinu í dag. Nokkrar setnámur í umdæminu eru í jökulöldur og voru þær því settar í flokkinn *botn- eða leysingarruðningur*.

Það er æskilegt að hafa flokk sem bæri nafnið *jökulárset*. Hér væru jökulársetmyndanir sem hafa orðið til vegna rennandi vatns undir jökli (aðgreint efni) eða myndast framan við jökulinn. Þessi flokkur myndi því taka yfir bæði aðgreint set og hins vegar groddalegt set sem er frá fínu og upp í gróft. Þá er eðlilegast að setja tvo flokka sem fyrir eru í skráningarkerfi Vegagerðarinnar, *malarás* og *svelgás* undir þennan flokk.

Í námuskýrslu Hjörleifs Sveinbjörnssonar (1998) var boðið upp á flokkinn *framhlaup eða urðarjökul*. Nafninu hefur síðan verið breytt (Hersir Gíslason 1999) og nú heitir liðurinn *berghlaup eða þelaurð*. Ekki hefur tekist að sýna fram á með vísindalegum rökum að það landform sem áður hefur verið kallað berghlaup séu urðarjökklar eða þelaurðir, og er málið enn til umræðu meðal jarðvísindamanna. Á meðan svo er, er rétt að nota heitið berghlaup.

Skráningarliðirnir *leirsteinn*, *sandsteinn* og *siltsteinn* mættu gjarnan fara út úr skráningarmyndinni. Hér er ekki verið að skírskota til setmyndunar heldur einungis efnisgerðar. Ef sá sem vinnur við skráningu er með t.d. sandstein og áttar sig ekki á setmynduninni, þá væri eðlilegast að það fari undir flokkinn *óskráð*.

Í skráningarliðinn *millilög* mætti gjarnan vera flokkurinn *óvíst*. Í skráningarliðinn *staða efnistöku* er nauðsynlegt að bæta við flokknum *efnistöku lokið*. Þessi flokkur gæti því innihaldið námur sem ekki hafa verið notaðar í mörg ár, eru ófrágengnar en verða ekki notaðar meira. Fjölmargar svona námur eru til og hafa þær verið settar undir skráningarliðinn *tímabundinni efnistöku lokið*.

Í skráningarliðnum *berggerð* er lagt til að eftirfarandi flokkar verði teknir út: *míkró díórít*, *díórít* og *granít*. Ástæðan er fyrst og fremst sú að þessar bergtegundir eru vart til í teljanlegu magni hér á landi. Sömuleiðis er talið að eiginlegt granít finnist ekki hér. Heitið fyrir flokkinn *dólerít* hefur misritast og á að vera *dólerít*.

Þegar unnið var með grjótnámur í mörkinni kom í ljós að skráningarliðinn *sprungur* mætti einfalda. Í staðinn fyrir að hafa skilgreiningar á flokkunum í viðauka námuskýrsla, þá væri mun auðveldara fyrir þann sem skráir námuna að skilgreiningarnar væru til staðar í sjálfu námukerfinu. Í staðinn fyrir flokkinn *1. flokkur* kæmi strax upp á skjáinn *straumflögótt berg*. Það er hægt að einfalda flokkana og hafa þá nánari skýringu í viðauka, t.d. *5. flokkur* yrði þá: *massíft berg*. Í viðauka gæti því staðið að þetta sé massíft berg með stökum sprungum eða stórstuðlað með lítið af öðrum sprungum.

Nokkur dæmi eru um það að námur eru tvískiptar, þ.e. efri hlutinn er set og neðri hlutinn er berg, og báðar gerðir eru nýttar. Dæmi um svona námu er t.d. náma númer 8011725 á Fljótshéiði, þar sem efri hlutinn er jökulruðningur og sá neðri er þóleiít. Sú náma var skráð sem setnáma. Í námukerfi Vegagerðarinnar vantar sem sagt þann möguleika að geta skráð námu sem bæði set- og bergnámu.

4.2 Vegaskrá 1999

Smá annmarkar eru á Vegaskránni 1999 (Eymundur Runólfsson & Þórður Tyrfingsson 1999) á svæðinu við Þórshöfn. Samkvæmt henni skiptist vegur 869 upp í fjóra kafla. Tafla 1 sýnir kaflaskiptingu með heitum á upphafs- og endapunktum og lagfæringu á nöfnum fyrir upphafs- og endapunkta fyrir kafla 3 og 4.

Kafli	Upphafs- og endapunktur:	Lagfæring (upphaf-endi):
Kafli 1	Þórshöfn (biðnúmer)	
Kafli 2	Norðausturvegur 85 – Þórshöfn vegrist	
Kafli 3	Þórshöfn vegrist – Heiðarfjall	Þórshöfn (vegrist) – vegur að Sauðanesflugvelli
Kafli 4	Heiðarfjall – flugvöllur	Vegur að Sauðanesflugvelli - flugvöllur

Tafla 1. Upphafs- og endapunktur á vegköflum fyrir Langanesveg 869. Hægra megin eru sýnd rétt nöfn á upphafs- og endapunktum fyrir kafla 3 og 4.

5 NÁMUR Á NORÐURLANDI EYSTRA

Í umdæminu hafa nú þegar verið skráð 547 námunúmer³. Áður en útivinna hófst voru skráð 362 námunúmer í kerfi Vegagerðarinnar. Af 547 námunúmerum eru 394 námur. Af 154 númerum eru samtals 111^E skráð sem óskráð námunúmer, vegur, yfirlitsrannsóknir, skeringar, námur úr öðrum umdæmum og annað. Afgangurinn þ.e. 42 númer er endurteknar námur⁵ þ.e. sama náman sem kemur fyrir oftár en einu sinni. Í töflu 2 er sýnt hvernig námunúmerin skiptast niður í eftirfarandi staðarflokkar eftir fjölda:

Staðarflokkun	Fjöldi
Náma	394
Óskráð	56
Skering	15
Vegur	7
Undirstaða vegar	1
Yfirlitsrannsóknir	11
Náma, sem hefur verið skráð áður (34 -76)	42
Skering sem hefur verið skráð áður	2
Annað	15
Annað umdæmi	4
Samtals	547

Tafla 2. Staðarflokkun 547 námunúmera á Norðurlandi eystra.

Óskráð námunúmer eru 56 talsins, af þeim eru um 18 námur sem fundust ekki. Í flestum tilfellum var áðstæðan sú að ófullnægjandi upplýsingar lágu fyrir, m.a. ekkert heiti og ekkert vegauðkenni.

Í flokkinn *annað* eru skráð 15 námunúmer og eru þau öll úr Öxnadalnum. Hér var farvegi árinna breytt og efni úr ánni ýtt beint uppúr farvegi hennar og í núverandi vegstæði. Ekki reyndist hægt að finna viðkomandi svæði þar sem efninu var ýtt upp.

Nokkur námunúmer úr nærliggjandi umdæmum hafa slæðst inn í vegakerfið fyrir þetta umdæmi, samtals 5 númer (Tafla 3).

³ Í viðauka C.

⁴ Í viðauka I.

⁵ Í viðauka E.

Vegnúúmer	Heiti	Staðsetning
7890201	Óþekkt náma	Norðurland vestra
8852707	Gunnólfsvík	Austurland
8	Sandur frá Vopnafirði	Austurland
7820110	Klaufabrekknanáma	Norðurland vestra
7870104	Austari Hóll	??????


Tafla 3. Námunúmer sem tilheyrja öðrum umdæmum.

5.1 Námugerð

Á Norðurlandi eystra eru 394 námur skráðar í námukerfið. Af þeim eru 54 storkubergsnámur og 340 setnámur.

5.2 Staða efnistöku

Af 394 námum eru 142 í notkun, eða 36,1% (Mynd 5). Stór hluti þeirra er nýttur af Vegagerðinni. Námur í notkun eru einnig nýttar af einstaklingum, flugmálayfirvöldum, Hafnamálastofnun og sveitarfélögum.



Mynd 5. Staða efnistöku á Norðurlandi eystra.

Rúmlega helmingur náma, 57,1%, lendar í floknum tímabundinni efnistöku lokið. Þessi flokkur inniheldur námur sem munu að öllum líkindum verða nýttar í framtíðinni. Einnig falla undir þennan flokk námur sem hafa ekki verið notaðar í mörg ár, eru ófrágengnar og verða að öllum líkindum ekki nýttar frekar.


Efni var skráð búið í 23 námum, eða 5,8%. Í nokkrum tilfellum er ekki hægt að taka meira efni úr námunum þar sem ræktun eða byggingar koma í veg fyrir að frekari efnistaka sé möguleg.

Einungis ein náma á Norðurlandi eystra lenti í hópnum landeigandi andvígur efnistöku. Sú náma var nýskráð í kerfið, en hefur samkvæmt eiganda verið notuð af Vegagerðinni.

Þrjár friðaðar námur, þ.e. 0,8%, eru settar í flokkinn óskráð. Tvær þeirra eru austan ár við Jökulsárgljúfur og sú þriðja er rétt við Hverarönd í Mývatnssveit.

5.3 Frágangur

Á Norðurlandi eystra eru rúmlega 22% náma (86) skráðar í hópinn fullfrágengin (Mynd 6). Hlutfallið er mjög svipað fyrir hálffrágengnar námur, eða um 21% (84). Hátt í 57% (223) set- og grjótnáma í umdæminu eru ófrágengnar. Fjölmargar af þessum námum eru gömul efnistökusvæði sem hafa verið nýtt í mörg ár og aldrei hefur verið gengið frá þeim. 5% af ófrágengnum námum eru grjótnámur í bergi sem er eldra en frá nútíma. Einungis ein náma lendir í floknum óskráð. Ástæðan er sú að ekki var hægt að komast að námunni.




Mynd 6. Frágangur á námum í umdæminu.

5.4 Verndargildi

Í umdæmi Vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra eru samtals 36 námur sem eru á friðlýstu svæði, þ.e. svæðið við Mývatn, og ein í Þjóðgarði. Þessar námur flokkast því undir mjög hátt verndargildi, eða rétt um 10% (Mynd 7). Hátt verndargildi hlutu tæplega 14% náma. Þetta eru námur sem eru m.a. í hrauni, gjallgígum, gervígum, malarásum, og eru á svæðum sem eru skilgreind sem náttúruminjar (Náttúruverndarráð 1996).

Um 27% náma í umdæminu hljóta einkunnina lágt verndargildi. Þær námur eru í setmyndunum sem eru algengar, m.a. aurkeilur, skriðuset og jökulruðningur. Einkunnina mjög lágt verndargildi fá rétt um 22% náma á svæðinu. Í flestum tilfellum eru þetta námur sem auðvelt er að ganga frá, t.d. jökulruðningur og jökuláaurar.

Á mörgum stöðum er tekið efni úr ám. Í sumum þeirra er töluvert um veiði, t.d. í Svarfaðardalsá, Eyjafjarðará og Skjálfandafljóti. Ef efnistökusvæðin voru framanlega í dölum, fengu árnar margar hverjar einkunnina lágt verndargildi. Annars lentu einstaka ár í flokkunum meðal verndargildi og hátt verndargildi.




Mynd 7. Skipting náma eftir verndargildi.

5.5 Setnámur

Í umdæminu eru 340 setnámur. Minni háttar setnámur voru ekki skráðar, þ.e. námur sem eru fyrst og fremst nýttar af bændum.

5.5.1 Setmyndun

Setnámur á Norðurlandi eystra voru flokkaðar með tilliti til setmyndunar. Flokkarnir eru samtals 24 (Mynd 8). Enginn einn flokkur er yfirgnæfandi, en þau setmyndunarmhverfi sem eru algengust eru m.a: áreyrar, botnruðningur, forn óseyri og forn sjávarkambur.



Mynd 8. Hlutfallsleg skipting setnáma með tilliti til setmyndunar.

Jökulruðningsefni er töluvert nýtt í umdæminu. Flokkarnir leysingar-, botn-, og botn- eða leysingarruðningur mynda því hlutfallslega stærstan hluta eða rétt um 21%. Af þessum er flokkurinn botn- eða leysingarurð hátt í 12%. Um 5% af setnámunum lenda í flokknum *óskráð* (annað). Þetta eru setmyndunarumhverfi sem ekki eru til staðar í skráningarkerfinu, eins og jökulárset og skriða. Setmyndunarumhverfi nokkurra náma var ekki hægt að skilgreina þar sem þær voru fráegngnar og ekkert nýttist við túlkunina. Þær voru því flokkaðar undir liðinn *óskráð* (annað)


Flokkurinn malarhjalli segir í raun og veru ekkert um setmyndunarumhverfið heldur skírskotar hann fyrst og fremst til setsins. Í þennan flokk eru umhverfi sem gætu t.d. verið árhjallar, jaðarhjallar, forn sjávarkambur eða forn óseyri.

5.5.2 Setgerð

Algengustu setgerðirnar í námum í umdæminu eru möl og jökulruðningur (Mynd 9). Einnig er töluvert um stórgrýtta möl, möl blönduð fínefnum og sand. Efni í 32,3% námanna var skráð sem möl og 23,2% sem jökulruðningur. Í jökulruðningsflokkinn eru sett saman leysingarurðningur, botnurð og botn- eða leysingarurðningur. Setefnisgerð jökulöldu var einnig skráð sem jökulruðningur.

Efni úr nokkrum námum hefur verið kornastærðargreint, og er þess þá yfirleitt getið í athugasemdum. Þess ber að geta að mat á efnisgerð á vettvangi er huglægt. Efnisgerðin getur orðið vafaatriði þegar námurnar eru samsettar úr mörgum kornaflokkum, eins og möl, sandi og fínefnum.

Flokkurinn *óskráð*, stendur fyrir þær námur sem eru fullfrágengnar og ekki er hægt að segja til um efnisgerðina. Af 340 setefnisnámum voru 3% skráðar í umræddan flokk.



Mynd 9. Hlutfallsleg skipting setnáma eftir setefnisgerð.


Örfáar námur samanstanda af mjög fínkorna efni, þ.e. silt- og/eða leir. Einungis 1% voru skráðar í þennan hóp. Um er að ræða sjávarset og leirstein.

5.6 Grjótnámur

Í umdæminu eru 54 grjótnámur frá Eyjafirði og austur á Heiðarfjall á Langanesi. Margar þeirra eru í og við Aðaldal, og á Mývatnssvæðinu. Stór hluti grjótnámana var nýskráður, eða 42 námur.

5.6.1 Bergmyndun


Hátt í 65% bergnáma flokkast annað hvort sem *hraun frá nútíma* (bæði berg og gjall) eða *gjallgígur* (Mynd 10). Afgangurinn er gosberg, eldra en frá nútíma.



Mynd 10. Skipting grjótnáma eftir bergmyndun.

5.6.2 Berggerð

Í skráningarkerfi Vegagerðarinnar er boðið upp á ellefu flokka fyrir bergtegundir, þ.e. gjall og berg (viðauki B). Einungis fimm þeirra voru notaðir við skráningu á Norðurlandi eystra. Flestar grjótnámur í umdæminu flokkast sem gjall, eða 57,4% (Mynd 11). Töluvert er um námuvinnslu í fast berg, t.d. dílabasalt, þóleiit og ólivínþóleiit. Af þeim er dílabasalt algengasta bergtegundin eða um 22%. Nokkrar námur, þ.e. 1,9 %, voru settar í hópinn *basalt* þar sem ekki var unnt að greina hvaða bergtegund var um að ræða.



Mynd 11. Hlutfallsleg skipting grjótnáma í umdæminu eftir berggerð.

6 NÁMUKORT

Kort í mælikvarðanum 1: 250. 000 fylgir námuskýrslunni (í vasa aftast). Tilgangur með kortinu er að sýna dreifingu og GPS staðsetningu námanna í mörkinni. Námurnar eru einnig flokkaðar eftir frágangi. GPS punktar fyrir nokkrar námur náðust því miður ekki en staðsetning þeirra er sýnd samt eins nákvæmlega og unnt er með þríhyrningi. Nokkrar GPS mælingar á námum töpuðust vegna villu í GPS tækinu. Þær námur eru einnig sýndar með þríhyrningi á kortinu.

7 LOKAORÐ OG ÞAKKIR

Til að skráningarkerfi Vegagerðarinnar geti nýst sem best er nauðsynlegt að skráningum verði haldið við í framtíðinni. Þetta á jafnt við vegagerðarnámur sem og aðrar námur. Það þarf að fylgjast með nýskráningum, bæta við nýjum upplýsingum varðandi námur sem þegar eru til í gagnagrunninum, og uppfæra kerfið reglulega. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar og nýtast ekki bara Vegagerðinni heldur einnig mörgum aðilum, m.a. framkvæmdaaðilum og þeim stofnunum sem hafa með náttúru Íslands að gera.

Margir aðilar veittu góðfúslega upplýsingar og jafnvel aðstoð meðan á námuskráningu stóð. Eftirtaldir starfsmenn Vegagerðarinnar á Akureyri, Húsavík, Þórshöfn og Reykjavík veittu aðstoð og er þakkað hér: Sigurður Oddson, Guðmundur Heiðreksson, Jón Haukur Sigurbjörnsson, Haukur Jónsson, Jón Erlendsson, Rúnar Jónsson, Pálmi Þorsteinsson, Guðni Oddgeirsson, Höskuldur Búi Jónsson og Hersir Gíslason. Brynjólfur Sveinssyni fyrrverandi starfsmanni Vegagerðarinnar á Akureyri er sérstaklega þakkað fyrir upplýsingar um námur í umdæminu. Halldór G. Pétursson jarðfræðingur á Náttúrufræðistofnun á Akureyri hafði umsjón með verkinu, og veitti jafnframt upplýsingar um námur.

8 RITASKRÁ

Eiríkur Freyr Einarsson 1997. Skráning efnisnáma á Vesturlandi. Vegagerðin, Reykjavík. 43 bls.

Eymundur Runólfsson & Þórður Tyrfingsson 1998. Vegaskrá 1998. Vegagerðin, Reykjavík. 154 bls.

Halldór G. Pétursson 1995. Efnisnám á Norðausturlandi. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri. Skýrsla 1. 40 bls. + myndir.

Hersir Gíslason 1999. Skráning náma á Norðurlandi vestra. Vegagerðin, Reykjavík. 47 bls. + kort.

Hjörleifur Sveinbjörnsson 1999. Skráning efnisnáma 1998, skráning á Suðurlandi og upphaf skráningar á Norðurlandi vestra. Vegagerðin, Reykjavík. 44 bls.

Náttúruverndaráð 1996. Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. Útgáfa. 64 bls.

Viðauki A: Breytingar sem voru gerðar á námukerfinu vorið 2000

Nokkrar breytingar voru gerðar á skráningarmyndum og fellimyndum námukerfisins í samráði við Gunnar Bjarnason vorið 2000.

Breytingar sem voru gerðar á öllum fellimyndum

Nokkrir skráningarliðir falla út af öllum skráningarmyndum námukerfisins:

99. *Annað*

99. *Óskráð*

9. *Óskráð*

Í staðinn hefur verið sett inn skráningarliðurinn 0. *Óskráð*.

Breytingar sem voru gerðar á skráningarmyndinni námur

Breyting var gerð á skráningarliðnum **Hvoru megin vegar**. Valið *Miðja vegar* var tekið út..

Ný fellimynd bætist við **Námurétthafar** (Fellimyndin er ekki sýnd í viðauka C)

Hér verður skráð hverjir hafa rétt til að vinna efni úr viðkomandi námu. Námurétthafi getur t.d. verið Vegagerðin, Hafnarmálastofnun eða Flugmálastofnun. Nauðsynlegt er að skráð sé í þennan lið, því að námurétthafi ber ábyrgð á frágangi námunnar þegar vinnsla er lokið.

Í skráningarliðnum **staðarflokkun** breyttist orðalag í flokknum yfirlitsrannsóknir og sömuleiðis skilgreining:

Yfirlitsrannsóknir: Námunúmer fellur undir flokkinn *yfirlitsrannsóknir* þegar eingöngu hefur verið leitað eftir efni á ákveðnu svæði, og aðeins eitt námunúmer stofnað, og svæðið ekki talið hentugt námusvæði í framtíðinni. Ef yfirlitsrannsóknin nær yfir fleiri námunúmer á sama svæði, og svæðið telst vera líklegt námusvæði í framtíðinni skal það skráð sem náma, ótengt því hvort búið sé að opna námuna eða ekki.

Viðauki B: Skilgreiningar á skráningaratriðum námukerfisins

Skilgreiningarnar eru úr skýrslu Hersirs Gíslasonar (1999). Skráningarmyndir nýja námukerfisins eru sýndar í viðauka C. Auk þess voru gerðar breytingar á nokkrum atriðum í samráði við Gunnar Bjarnason (Viðauki A).

Skráningarliðir námukerfisins

Á næstu síðum er farið í gegnum alla skráningarliði námukerfisins. Fjallað er um merkingu hvers atriðis, hvernig það er skráð og hvaða reglum er fylgt við skráninguna. Skráningaratriðin eru sett upp í sömu röð og þau eru á fellimyndum skráningarliðanna. Fyrir framan skráningarliðina í fellimyndum eru kóðar sem standa fyrir hvert skráningaratriði. Á fyrstu skráningarmyndinni, *Námur* er skráningaratriðum fellimyndanna raðað í stafrófsröð og því eru kóðarnir ekki í röð. Á fellimyndum annarra skráningarmynda er skráningaratriðum raðað upp í sömu röð og kóðarnir en ekki í stafrófsröð.

Skráningarmyndin: Námur

Hér eru skráðar almennar upplýsingar um námur eins og heiti, gerð, staðsetning við veg, staða efnistöku, aðstaða til efnistöku, frágangur o.fl.

Vegauðkenni

Í vegauðkenni er skráð númer vegarins sem námuvegur liggur að. Hver vegur hefur sitt vegnúmer og er t.d. Vatnsnesvegurinn númer 711. Í vegauðkenni er skráð þá 0-711-0. Fyrsta talan stendur fyrir umsjónaraðila vegarins. Hér er 0 fyrir Vegagerðina. Ef annar aðili t.d. sveitarfélag hefði umsjón með veginum þá kæmi þar annar tölustafur. Önnur talan er vegnúmerið, í þessu tilviki 711. Síðasta talan stendur fyrir hvaða hluta vegarins er um að ræða (0 er miðlína vegar). Hringtorg fengi t.d. annan tölustaf o.s.frv. Við skráningar á námum þarf almennt ekki að hafa áhyggjur af umsjónaraðila og hluta vegar, því að námur eru yfirleitt tengdar við stofnvegi, tengivegi eða landsvegi og þeir eru í umsjón Vegagerðarinnar. Form skráningarinnar er því yfirleitt 0-X-0.

Kafli_stöð

Í kafli_stöð er skráð hvar námuvegur liggur að vegkafla. Hver vegur skiptist niður í vegkafla sem eru nokkrir kílómetrar á lengd. Hver vegkafla hefur sitt númer til dæmis hefur fjórði vegkafla á Vatnsnesvegi númerið 04. Hringvegurinn sker sig úr skráningu á vegköflum. Þar eru veg kaflarnir taldir með bókstövum. Sem dæmi má nefna vegkafla j8 og j9. Vegkafla k0 tekur þá við af vegkafla j9 o.s.frv. Stöð í vegkafla gefur til kynna hversu langt frá upphafi vegkaflans námuvegurinn sker hann. Stöðin er mæld með nákvæmum vegalengdarmæli sem er í bíl skráningarmanns. Þegar námuvegur er staðsettur er miðað við fjarlægð frá upphafi vegkafla að miðlínu námuvegur.

Námu er gefið vegnúmer og kaflanúmer við þann stofnveg, tengiveg eða landsveg sem náman stendur við. Ef náman er við safnveg er þeirri reglu yfirleitt fylgt að gefa upp númer á þeim stofnvegi eða tengivegi sem safnvegurinn liggur að. Safnvegurinn telst þá vera hluti af námuveginum og þá er vegalengd eftir safnveginum látin fylgja með í athugasemdum.

Vegagerðin hefur notað tvö afbrigði vegnúmera. Árið 1995 tók við nýtt kerfi vegnúmera (Eymundur Runólfsson & Þórður Tyrfingsson 1995). Í Námukerfinu er gamla námunúmerið byggt á eldra afbrigði vegnúmera en við skráningu vegauðkenna og kafli_stöð, er yngra afbrigðið notað.

Hvorum megin vegar

Hér er skráð hvoru megin við veginn er keyrt út á námuveginnum og er gefinn kostur á eftirfarandi valmöguleikum:

1. **Hægri vegarhelmingur**
2. **Vinstri vegarhelmingur**

Hægri og vinstri vegarhelmingur miðast við það að horft sé fram veginn.

Ef náma stendur beggja vegna vegarins þá er sá hluti hennar sem er stærri látinn ráða því hvorum megin við veginn náman stendur. Þá er þess getið í athugasemdum að náman sé báðum megin við veg.

Námuheiti

Námunum er oft gefið nafn eftir einhverju örnefni í nágrenni við hana. Einnig hafa námur verið kenndar við þá jörð sem þær standa á eða þann bæ sem stendur næst þeim.

Gamla námunúmer

Námur í Námukerfinu hafa sjö stafa númer t.d. hefur Illugastaða náma á Vatnsnesi númerið 7110302 (gamla námunúmer). Fyrstu þrjú tölustafir eru vegnúmer, næstu tveir eru kaflanúmer og miðast þessi veg- og kaflanúmer við eldra afbrigði vegskráningarkerfisins. Tveir öftustu stafirnir eru númer námunnar sem segja til um innbyrðis staðsetningu náma við tiltekinn vegkafla. Illugastaða náma ætti þá að vera náma nr. 2 á 3. vegkafla. Í gegnum tíðina hefur þó verið misbrestur á því að innbyrðis skráning náma sé rétt og getur náma sem er númer –03 verið frammar á vegkafla en náma sem hefur númerið –01.

Hugsunin á bak við gamla námunúmerið er að hægt sé að sjá á númerinu hvar náman er. Það er í hvaða umdæmi og við hvaða veg og vegkafla. Þetta kerfi hefur hinsvegar ókost þar sem stundum þarf að breyta veg og vegkaflanúmeri og þá verður staðsetning námu röng. Í nýja námukerfinu segir vegauðkenni og kafla_stöð til um veg- og vegkaflanúmer. ÍSVís mun sjá um að staðsetningin verði ekki röng þó að vegir skipti um númer. Nauðsynlegt er þó að halda gamla námunúmerinu til að tapa ekki tengslunum við rannsóknir sem eldra Námukerfið geymir.

Í gamla námukerfinu eiga námunúmer yfirlitsrannsókna að enda á 90+ og rannsóknir á vegum á 50+. Mikill misbrestur hefur verið á þessum skráningum og hafa þær ýmist endað á 90+ eða 50+ hvort sem um er að ræða yfirlitsrannsóknir eða rannsóknir á vegum.

Í nýja námukerfinu fá námur sjálfkrafa fast númer sem námukerfið heldur utan um. Það er óháð veginum auk þess sem þær bera gamla númerið. Þetta númer mun ekki segja til um staðsetningu námunnar enda er henni lýst annars staðar í námulýsingunni.

Staðarflokkun

Þessi skráningarliður er ætlaður til að flokka niður rannsóknastaði sem geymdir eru í Námukerfinu. Ýmiss konar rannsóknir eru geymdar í Námukerfinu og eru þær ekki allar úr námum. Skráningar í námulýsingunni eru flokkaðar með eftirfarandi hætti:

6. **Innflutt efni:** Rannsóknir á innfluttu steinefni.
1. **Náma:** Meirihluti námunúmera í námukerfinu eru númer á námum sem hafa verið notaðar eða stendur til þess að nota.
0. **Óskráð:**
4. **Skering:** Þegar nýir vegir eru lagðir er oft tekið efni á vegsvæðinu, úr hæðum sem þarf að fjarlægja. Slík efnistaka er nefnd skering

3. **Undirstaða vegar:** Rannsóknastaðurinn er landið sem vegurinn er byggður á t.d. rannsókn á mýri.
2. **Vegur:** Rannsóknastaðurinn er vegurinn t.d. rannsókn á gæði burðarlags.
5. **Yfirlitsrannsóknir:** Námunúmer fellur undir flokkinn *yfirlitsrannsóknir* þegar eingöngu hefur verið leitað eftir efni á ákveðnu svæði, og aðeins eitt námunúmer stofnað, og svæðið ekki talið hentugt námusvæði í framtíðinni. Ef yfirlitsrannsóknin nær yfir fleiri námunúmer á sama svæði, og svæðið telst vera líklegt námusvæði í framtíðinni skal það skráð sem náma, ótengt því hvort búið sé að opna námuna eða ekki.

Gerð námu

Námum er skipt í tvo meginflokka eftir jarðmyndun þeirra:

0. **Óskráð**
2. **Setnáma**
1. **Storkubergsnáma**

Þessi skipting hefur síðan áhrif á hvaða dálkar eru fylltir út á skráningarmyndinni *Gerð námu*, þar sem sumir dálkar eru aðeins fyrir setnáma en aðrir aðeins fyrir storkubergsnáma.

Númer jarðar

Hér er skráð fasteignanúmer jarðar sem náman er á auk jarðarheitis. Í fellimyndinni er skrá yfir allar jarðir á Íslandi ásamt tilheyrandi númeri hrepps.

Námurétthafar (nýr liður)

Undir þennan lið ber að skrá þá aðila sem rétt hafa til að vinna efni úr viðkomandi námu. Námurétthafi getur t.d. verið Vegagerðin, Hafnarmálastofnun eða Flugmálastofnun. Nauðsynlegt er að skráð sé í þennan lið, því að námurétthafi ber ábyrgð á frágangi námunnar þegar vinnsla er lokið.

Staða efnistöku

Eftirfarandi valmöguleikar eru gefnir til að lýsa virkni og notkun náma.

4. **Efnið búið**
3. **Engin fyrri efnistaka:** Hér hefur væntanlegt námusvæði verið rannsakað en engin náma verið opnuð.
5. **Friðun**
6. **Landeigandi andvígur efnistöku**
1. **Náma í notkun**
0. **Óskráð**
2. **Tímabundinni efnistöku lokið:** Náman er ekki í notkun en gæti verið notuð í fyrirsjáanlegri framtíð.

Staða efnistöku er metin í námunum sjálfum, eftir útliti þeirra, en einnig verður að styðjast við ábendingar frá starfsmönnum Vegagerðarinnar eða frá eigendum námanna. Það getur oft verið erfitt að segja til um hvort náma er í notkun eða hvort eigi að nota hana á næstunni.

Ekki er gefinn kostur á að skrá að efnistöku sé lokið í námukerfinu. Þrátt fyrir að námum hafi verið lokað er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að þær verði opnaðar einhvern tímann í framtíðinni. Því á að skrá að tímabundinni efnistöku sé lokið.

Hvort náman er friðuð eða landeigandi andvígur efnistöku er skráð þar sem fást ábendingar um það.

Þær námur þar sem efnið virðist vera uppurið eða mjög lítið og fá þær þá umsögn að efnið sé búið. Hægt er að skrá það í athugasemdir að um ágiskun sé að ræða því oft er ekki hægt að ganga úr skugga um það nema að grafa gryfjur og á þetta sérstaklega við um frágengnar námur.

Aðstaða til efnistöku

Þessi dálkur var tekinn upp úr eldra Námukerfi Vegagerðarinnar. Aðstöðu til efnistöku er lýst með eftirfarandi einkunnum.

1. **Ágæt:** Hægt að taka efnið umsvifalaust.
4. **Erfið:** Gæti þurft rippun eða sprengingar, einnig gæti verið vatn í námunni eða aðrar aðstæður sem gera efnistöku kostnaðarsama t.d. ef ofanafýtingin er >50% af efnisþykkt
2. **Góð:** Efnistaka möguleg með mjög litlum tilkostnaði. Ef t.d. ofanafýtingin er < 20% af efnisþykktinni.
5. **Illmöguleg:** Mikill kostnaður við efnistöku og hún tæplega framkvæmanleg.
0. **Óskráð**
3. **Sæmileg:** Gera má ráð fyrir ofanafýtingu og/eða uppýtingu efnis. Náma fellur t.d. í þennan flokk ef ofanafýting er á bilinu 20 – 50 % af efnisþykkt.

Staða frágangs

Gefinn er kostur á eftirfarandi valmöguleikum til að lýsa frágangi námunnar:

1. **Fullfrágengin:** Náma er fullfrágengin ef búið er að jafna yfirborð hennar og fjarlægja stórgrýti og efnishauga og ekki er opið námusár.
2. **Hálfrágengin:** Búið er að jafna yfirborð námunnar og námustál að hluta til. Einnig ef efnishaugar standa við frágengna námu.
3. **Ófrágengin**
0. **Óskráð**

Frágangur námu er nokkuð huglægt mat. Námunum er gefin einkunnin fullfrágengin þó náman sé ekki að fullu gróin eftir efnistöku. Í sumum tilfellum er lítil ástæða til að ganga frá námum, t.d. á áreyrum þar sem straumvatnið jafnar allar ójöfnur eða í fjörukambi þar sem aldan gerir sama gagn. Í öðrum tilfellum er erfitt að ganga vel frá námu, t.d. í bergnámunum þar sem námu-sárið myndar klettabelti sem erfitt er að dylja. Almennt er einkunnin fullfrágengin gefin þar sem ekki er talin þörf á frekari frágangi.

Athugasemdir

Hér er frjálst að skrá inn upplýsingar um námuna sem ekki er hægt að lýsa með fellimyndunum.

Skráningarmyndin: Gerð námu

Í skráningarmyndinni *Gerð námu* er námum lýst m.t.t. setmyndunar, setgerðar, bergmyndunar og eiginleika bergs. Einnig er yfirborðinu lýst og námunum gefin verndargildi og það skráð sem gæti hamlað efnistöku.

Setmyndun

Setmyndun segir til um í hvaða jarðfræðilega umhverfi setlög hafa myndast. Sú flokkun sem hér er notuð er að mestu leyti fengin úr skýrslu Hreggviðs Norðdahls (1992) og Hreins Haraldssonar (1983).

- | | |
|-----------------------------------|---------------------------------------|
| 1. Botnruðningur | 19. Berghlaup |
| 2. Leysingarúðningur | 20. Aurskriða |
| 3. Malarás | 21. Fokset |
| 4. Svelgás | 22. Vikur |
| 5. Jaðarhjalli | 23. Mold |
| 6. Jökuláraurar | 24. Mór |
| 7. Árhjalli | 25. Móberg |
| 8. Áreyrar | 26. Leirsteinn |
| 9. Aurkeila | 27. Siltsteinn |
| 10. DalFYlla | 28. Sandsteinn |
| 11. Malarhjalli | 31. Botn eða leysingarúðningur |
| 12. Leirur | 35. Óseyri |
| 13. Forn óseyri | 36. Mór |
| 14. Forn sjávarkambur | 37. Jökulgarður |
| 15. Núverandi sjávarkambur | 38. Frostveðrunarset |
| 16. Sjávarset | 39. Berghlaup eða þelaurð |
| 17. Hrunskriða | 0. Óskráð |
| 18. Skriðukeila | |

Skipting námanna eftir setmyndunum getur stundum verið erfið og í sumum tilfellum aðeins tilgáta. Erfitt er að greina jarðmyndun þar sem lélegar eða engar opnur eru í setlögum.

Skiptingin milli botnruðnings og leysingarúðnings er stundum óljós enda eru þessar jarðmyndanir oftast unnar saman.

Setmyndunin forn sjávarkambur er yfirleitt notuð um allt strandset sem talið er að hafi myndast við hærri sjávarstöðu, bæði í marbakka og fjörum. Í jarðmyndunum þessum hefur meginhluti setsins hlaðist upp á marbakkanum. Aðstæður við myndun þessara setlaga geta þó verið töluvert breytilegar. Margir þessara hjalla hafa hlaðist upp framan við jökulsporð sem teygði sig í sjó fram og setti af sér set. Efnid er því oft blanda skolaðs efnis og jökulruðnings. Einnig hafa sumir hjallar myndast framan við óseyrar, við fjörur eða rif.

Sethjallar í dölum sem talið er að hafi myndast í straumvatni eru flokkaðir til *árhjalla*. *DalFYllur* hafa oftast myndast af framburði jökuláa á síðjökultíma. Víðast hvar hafa árnar sem nú renna um dalina grafið sig niður í þetta áreyrarset og þá standa árhjallar eftir sem leifar af dalFYllunum.

Þar sem ekki er hægt að greina á milli hvort setmyndanirnar hefðu hlaðist upp við fornar strendur eða í straumvatni eru námurnar flokkaðar sem malarhjallar.

Fínefnarík jarðlög neðan hæstu sjávarstöðu sem talin eru hafa sest til á hafsbotni eru flokkuð sem sjávarset.

Flokkarnir leir-, silt- og sandsteinn segja meira til um efnisgerð heldur en jarðmyndun.

Bergmyndun

Jarðmyndun bergs (nánar tiltekið storkubergs) fjallar um það í hvaða umhverfi kvikan hefur storknað. Í bókinni Myndun og mótun lands (Þorleifur Einarsson 1991) er fjallað um flest þau hugtök sem hér eru notuð.

1. **Hraun frá nútíma, berg**
2. **Hraun frá nútíma, gjall**
3. **Gosberg, eldra en frá nútíma**
4. **Berggangur**
5. **Djúpberg**
6. **Bólstraberg**
7. **Bólstrabrotaberg**
8. **Gjallgígur**
11. **Hraun frá nútíma, berg og gjall.**
0. **Óskráð**

Takmörkun efnistöku

Hér er skráð það sem hindrar efnistöku eða gerir hana erfiða. Eftirfarandi valmöguleikar eru til staðar:

1. **Ræktun**
2. **Byggingar**
3. **Vegir**
4. **Jarð/loftlína**
5. **Vatnsból**
6. **Klappir**
7. **Ekkert**
8. **Rennsli í ám**
9. **Sjávarföll**
10. **Vatns- hitaveituleiðsla**
11. **Annar vatnságangur**
0. **Óskráð**

1.

Þættir sem gætu takmarkað efnistöku eru skráðir úti í mörkinni en einnig er fjallað um þá í námulýsingum útboðsgagna.

Ræktun, byggingar og vegir geta þakið nýtanlegan hluta jarðmyndanna og hamlað frekari efnistöku. Sérstaka aðgát þarf að hafa þar sem jarð- og loftlínur liggja um námusvæði og í nágrenni við vatnsból. Klapparholt milli lausra jarðlaga geta verið til trafala á þann hátt að skipta efnisnámi upp í lítil aðskilin svæði. Einnig er skráð ef rennsli í ám eða sjávarföll geta gert efnistöku erfiðari. Þess má geta að í þeim ám sem hafa að geyma nýtanlega veiði er efnis-taka illmöguleg nema utan veiðitímabils og almennt er mikil andstaða við efnistöku úr veiðiám.

Yfirborð

Gefinn er kostur á að fjalla um óhreyft yfirborð námunnar á eftirfarandi hátt:

1. Ræktað
2. Kjarr
3. Gróið
4. Strjáll gróður
5. Ógróið
6. Stórgrýtt
7. Mosagróið
8. Gróið, ræktað
9. Kjarr, ræktað
10. Ógróið, gróið
11. Ógróið, kjarr
0. Óskráð

Yfirborð námusvæða getur bæði sagt til um hversu auðvelt er að ganga frá námunni og einnig nokkuð um efnið í henni. T.d. eru kjarrivaxin og mosavaxin svæði lengur að ná sér heldur en ógróin svæði. Ef stórgrýti er á yfirborði námu getur það í ákveðnum tilvikum sagt til um að efnið í henni sé með stóra steina innan um.

Verndargildi

Í þessum reit var námunum gefin einkunn með tilliti til hversu mikil ástæða er til að vernda þær fyrir efnistöku. Einkunnirnar eru frá Mjög háu verndargildi og niður í Mjög lágt verndargildi. Þegar skýringar þessar voru samdar vorið 1997 var náttúruverndarstefna Náttúruverndarráðs höfð til hliðsjónar (Náttúruverndarráð 1995, 1996).

